

## 7. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 4. júní 2026 í fjarfundi

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Guðný Stefanía Stefánsdóttir (GSS), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Margrét Sif Hafsteinsdóttir (MSH), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Skúli Bragi Geirdal (SBG), Halla Margrét Jónsdóttir (HMJ), Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage (SJGW) fulltrúi ungmennaráðs, Einar Þ. Eyjólfsson (EÞE) fjármálastjóri.

Forföll: Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson (SES), Birgir Már Bragason (BMB), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri.

*Formaður setti fund kl. 17:03*

### 1. Upplýsingagjöf frá fjármálastjóra

- EÞE fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi.

### 2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 6. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 5. fundargerð miðlunar og samskiptanefndar
- 5. fundargerð úthlutunarnefndar
- 3. fundargerð upplýsingatækninefndar

### 3. Erindi frá nefndum

- Upplýsingatækninefnd óskaði eftir því að stjórn tæki afstöðu til þess hvort skoða ætti hvort UMFÍ ætti að bjóða sambandsaðilum upp á hýsingu á vefsíðum, mögulega gegn greiðslu. Stjórn felur nefndinni að skoða málið áfram og kanna áhuga sambandsaðila á slíku.
- GSS ræddi hugmyndir frá Skólabúðanefnd um möguleika hvað varðar rekstur á Reykjum, sér í lagi á sumrin. Stjórn óskar eftir tillögum nefndarinnar um frekara starf í nafni UMFÍ. Einnig var rætt um að stjórnin hitti fulltrúa Húnaþings vestra á vinnufundi á Reykjum í byrjun september.

#### 4. Staða nefndarstarfs og verkefna

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og samantekt verkefna.

#### 5. Mótahald

- Svör frá MRN varðandi fjárlög. UMFÍ sendi inn umsögn um fjárlög 2026. Fjárlaganefnd afgreiddi 8 mkr. til UMFÍ skv. fjárlögum. Í úrvinnslu ráðuneytis komu 4. mkr. til UMFÍ. Í ljósi aðstæðna samþykkir stjórn að veita 6 mkr. til UMSS vegna ULM og 1 mkr. til UMSE vegna Landsmóts 50+ og taka það sem upp á vantar af rekstri UMFÍ.

#### 6. Starfshópur um nánari útfærslu lottóreglna og atkvæðavægis á sambandsþingi

- MSH og GSS falið að leiða vinnu hvað varðar breytingar á lottóreglum og atkvæðavægi á sambandsþingi. Leitast verði að ná sem breiðastri samstöðu og hreyfingin er hvött til að koma ábendingum á framfæri. Hópurinn leggi tillögur fram á sambandsráðsfundi 2026.

#### 7. Vorfundur

- Samantekt frá umræðuhópum á vorfundi lögð fram.

#### 8. Bréf sem borist hafa

- Boðskort í 90 ára afmæli UMF Selfoss
- Boðskort í 75 ára afmæli Fimleikafélagsins Bjarkar
- Boðskort á afhendingu foreldraverðlauna Heimilis og skóla
- Bréf frá HSK um tilnefningu UMFÍ í framkvæmdanefnd L50+ og fundarboð á 1. fund nefndarinnar. Stjórn skipar RH í nefndina.

#### 9. Fundir og ferðir

- 08.05.'26 Vorfundur UMFÍ. Öll stjórnin mætti.
- 21.05.'26 Ársþing HSB. GSS mætti.
- 22.05.'26 Vinnuhópur forseta Íslands um þjóðfundi. SBG mætti.
- 27.05.'26 Stjórnarfundur Getspár. JSI mætti.
- 27.05.'26 Ársþing UIF. SES mætti.
- 28.05.'26 Stjórnarfundur Getrauna. AIP mætti
- 28.05.'26 Ársþing HSV. GSS mætti.
- 29.05.'26 Netvís ráðgjafafundur. HMJ mætti.
- 31.05.'26 Afmæli UMF Selfoss. SBG mætti.
- 04.06.'26 Ársþing ÍS. BMB mætti.

Farið yfir fundargerð í lok fundar.

*Fundi slitið kl. 18:38*  
*SÓJ ritaði fundargerð*